



## Reglur um heiðursborgara Ísafjarðarbæjar

### 1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, með einróma samþykkt, að útnefna sérstakan heiðursborgara Ísafjarðarbæjar.

### 2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar getur útnefnt hvern þann íbúa, fyrrverandi sem núverandi, sem heiðursborgara Ísafjarðarbæjar.

### 3. gr.

Við útnefningu heiðursborgara skal hafa hliðsjón af störfum viðkomandi einstaklings í þágu sveitarfélagsins og/eða afrekum í þágu lands og þjóðar. Horfa skal til þess að viðkomandi einstaklingur hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið, störf og framganga hafi verið til fyrirmyndir og til eftирbreytni, og að viðkomandi hafi stuðlað að jákvæðri ímynd sveitarfélagsins.

### 4. gr.

Bæjarstjórn skal vera einhuga við val á heiðursborgara.

### 5. gr.

Bæjarstjórn skal fara með val á heiðursborgara sem trúnaðarmál fram að heiðrun viðkomandi, þó skal nánustu ættingjum væntanlegs heiðursborgara gert kunnugt um valið.

### 6. gr.

Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða (stór)afmæli viðkomandi.

### 7. gr.

Heiðursborgari fær viðurkenningu til staðfestingar nafnbótinni. Á skjalinu kemur fram nafn viðkomandi, dagsetning fundar bæjarstjórnar, undirritun allrar bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

### 8. gr.

Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart Ísafjarðarbæ sem slíkur.

### 9. gr.

Ísafjarðarbær hefur eftirfarandi skyldur gagnvart heiðursborgara:

- Veitir fullan styrk sem nemur greiðslu fasteignaskatts af íbúðarhúsi heiðursborgara sem hann býr sannarlega í, í Ísafjarðarbæ.
- Bæjarstjórn skal heimilt samkvæmt fjárhagsáætlun að veita heiðursborgara sérstakt framlag.
- Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Ísafjarðarbæjar.
- Heldur nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri.
- Tekur þátt í athöfn við útför heiðursborgara, þegar þar að kemur, í samráði við aðstandendur, að hámarki kr. 500.000.

### 10. gr.

Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverju sátu þá í bæjarstjórn/sveitarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

### 11. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 15. apríl 2021.

